

3. júní 2022



Stefna í geðheilbrigðismálum til ársins 2030

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



Stefna í geðheilbrigðismálum til 2030

Tillaga til þingsályktunar um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030, lögð fram á 152. löggjafarþingi 2021-2022.

Áherslupættir í geðheilbrigðismálum til 2030:

1. Geðrækt, forvarnir og snemmbær úrræði verði grundvöllur geðheilbrigðis einstaklinga
2. Heildræn geðheilbrigðisþjónusta verði samþætt og byggist á bestu mögulegu gagnreyndu meðferð, hæfingu og endurhæfingu. Þjónustan verði veitt af hæfu starfsfólki á viðeigandi þjónustustigum í árangursríku samstarfi við þjónustuveitendur í velferðarþjónustu.
3. Notendasamráð og notendamiðuð þjónusta verði á öllum stigum geðheilbrigðisþjónustu.
4. Nýsköpun, vísindi og þróun leiði til betri geðheilbrigðisþjónustu og bætts aðgengis að henni.



Geðrækt, forvarnir og snemmbær úrræði verði grundvöllur geðheilbrigðis einstaklinga

- Innleiðingu verði lokið á þeim grundvallarþáttum aðgerðaáætlunar um geðræktarstarf, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem flokkast undir heilbrigðisþjónustu.
- Innleiðingu þeirra grundvallarþátta í aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi frá 2018 sem lúta að heilbrigðisþjónustu verði lokið.
- Allir landsmenn hafi aðgang að hagnýtum, gagnreyndum og auðskildum upplýsingum um geðrækt, forvarnir og geðheilbrigðisþjónustu.



Heildræn geðheilbrigðisþjónusta verði samþætt og byggist á bestu mögulegu gagnreyndu meðferð, hæfingu og endurhæfingu. Þjónustan verði veitt af hæfu starfsfólki á viðeigandi þjónustustigum í árangursríku samstarfi við þjónustuveitendur í velferðarþjónustu

- Þverfagleg mönnun í geðheilbrigðisþjónustu verði í samræmi við þjónustupörf á hverju þjónustustigi með tilliti til viðfangsefna, hæfniviðmiða, handleiðslu og símenntunar.
 - Stöðum í sérnámi og framhaldsnámi í geðheilbrigðisþjónustu fjölgi í samræmi við þjónustupörf. Námið mæti kröfum um samþættingu, samvinnu og hæfni.
 - Samhæfing og samvinna einkenni samskipti heilbrigðis-, félags- og barnaþjónustu.
- Samhæfing og samvinna einkenni samskipti mismunandi þjónustustiga heilbrigðisþjónustu og á milli heilbrigðisstofnana.
- Þverfagleg teymisvinna einkenni vinnubrögð heilbrigðisstarfsfólks til að tryggja betra aðgengi, gæði, skilvirkni og samfellu í geðheilbrigðisþjónustu fyrir alla án aðgreiningar.



Notendasamráð og notendamiðuð þjónusta verði á öllum stigum geðheilbrigðisþjónustu

- Stöðugri þróun og umbótum í málaflokknum verði mætt með Geðráði, breiðum samráðsvettvangi um geðheilbrigðismál, sem hafi bæði ráðgefandi og stefnumótandi hlutverk.
- Batamiðuð nálgun og valdefling verði lykilþættir í allir nálgun í geðheilbrigðisþjónustu.
- Geðheilbrigðisþjónustan verði í auknum mæli veitt í nærumhverfi notanda eða á viðeigandi heilbrigðisstofnun sem starfrækt verði í bataeflandi húsnæði sem standist nútímakröfur sem gerðar eru til geðheilbrigðisþjónustu.



Nýsköpun, vísindi og þróun leiði til betri geðheilbrigðisþjónustu og bætts aðgengis

- Almennigur hafi greitt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu óháð búsetu, geti valið um þjónustuleið og nýtt fjarheilbrigðisþjónustu eða aðrar tæknilausnir eftir þörfum.
- Rannsóknir og nýsköpun í þverfaglegri geðheilbrigðisþjónustu verði í ríkum mæli hluti af starfi heilbrigðisstofnana og í virku samstarfi við háskólasamfélagið.



Aðgerðir í framkvæmd

Til að hrinda stefnu um geðheilbrigðismál til ársins 2030 í framkvæmd verði gerðar áætlanir um aðgerðir til fimm ára í senn í samráði við helstu hagsmunaaðila. Slíkar áætlanir verði uppfærðar árlega.

Leiðarljós við val á aðgerðum:

- Skýrar, vel valdar aðgerðir sem raunhæft er að verði framkvæmdar og skili árangri. Sérstaklega hugað að snemmtækum úrræðum.
- Skýring á helstu leiðum notenda í gegnum kerfið með færri gráum svæðum og þjónustubílum.
- Skýrar vörður á þeirri vegferð að uppfæra, bæta og fá stuðning við aðgerðaáætlun geðheilbrigðismála ár frá ári, með aðkomu breiðs hóps haghafa.